

## Upplýsingar um farmskilrúm í sendi- og vörubifreiðum með lokuðu farmrými

Frá 1. október 1990 er gerð krafa um milliþil á milli farmrýmis og fólksrýmis. Skal það ná frá gólfi til lofts og þekja a.m.k. rými ökumanns í sendibifreið en ávallt vera í fullri breidd farmrýmis í vörubifreið. Séu farþegasæti fyrir aftan sæti ökumanns í sendibifreiðum skal veggurinn ávallt ná a.m.k. frá vinstri hlið bifreiðar að hægri brún þess sætis sem er lengst til hægri í bifreiðinni. Leyfilegt er að hafa opnanlega glugga eða lúgur á veggnum.

Veggurinn á að þola framskrið farms sem svarar til  $10\text{m}/\text{sek}^2$  hraðaminnkunar bifreiðar. Þetta samsvarar því að þilið þoli að á því liggi mesta þyngd leyfilega farms bifreiðarinnar. Mesta þyngd farms fæst með því að draga farþega (68 kg/mann) frá hlássþyngd bifreiðarinnar.

Bil milli farmskilrúms og bifreiðar má vera allt að 70 mm. Skilrúmið má samanstanda af eftirfarandi:

### A Fínriðnu vírneti í málmramma.

Mesta leyfileg möskvastærð er  $70 \times 70$  mm. Netið þarf að vera heilt, þ.e. ekki samofið (vírnet, hænsnanet, net er notuð eru í grjótgrindur og önnur álíka net eru ekki samþykkt) Netið þarf að nægilega tryggilega fest við málmramma að hann þarf að vera það stöðugur að netið svigni ekki verulega við álag.

### B Málm- eða tréplötu

Í minni bílum þurfa þessar málmplötur ekki að vera þykkari en 1-1,5 mm ef þær eru stansaðar að einhverju leyti út og beygðar á köntum. Slíkar plötur þola mun meira álag en beinar plötur. Tréplöturnar þurfa að hafa töluvert meiri efnisþykkt.

### C Plasti eða öryggisgleri í málmramma.

Til eru mismunandi gerðir af t.d. plexigleri. Fyrir venjulegt plexigler er krafist a.m.k. 8 mm efnisþykktar er fyrir óbrjótanlegt plexigler þá er 4 mm þykkt nægjanleg. Ef einhver lítill hluti þilsins er úr gleri er þess krafist að það sé úr öryggisgleri. Málmrammi þarf að vera utan um plastið sem gerir það að verkum að það svigni ekki mikið undir álagi.

Veggurinn þarf síðan að vera tryggilega festur við bifreiðina hvort heldur það er málmramminn eða plöturnar sjálfar. Blanda má saman mismunandi útgáfum t.d. plötu neðantil en plexigleri ofantil. Ef veggurinn festist ekki í hliðar bifreiðarinnar þá þarf hann að vera festur í traustarstöðir.